

Nd.

481. Nefndarátt

um frumvarp til laga um viðauka við lög um hvalveiðamenn nr. 67 frá 22. nóv. 1913.

Frá minni hluta Sjávarútvegsnefndarinnar.

Lögin frá 22. nóv. 1913, friðuðu hvali frá 1. okt. 1915 til 1. jan. 1925.

Með frumvarpi því, er liggur hjer fyrir, ásamt breytingartillögum meiri hlutans, er hvalveiðafjelaginu á Hesteyri heimilað að veiða hvali í kringum allt Ísland í 3 ár, þó þannig, að aðeins 2 hvalveiðabátar sjeu brúkaðir við veiðarnar.

Meiri hlutinn kemst svo að orði, að eina skynsamlega ástæðan til að friða hvali, sje fólgin í því að þeim muni fjölga, og Íslendingar gæti þá sjálfir rekið veiðarnar.

Minni hlutinn er sammála meiri hlutanum um það, að þegar hvalnum fjölgar, munu hvalveiðar verða arðsöm atvinnugrein. Enda þarf ekki annað en aðgæta veiði Hesteyrarfjelagsins í ár. Fyrir 3 dögum síðan hafði fjelagið veitt 40 hvali, með 4 bátum, og má ætla, að fjelagið muni þegar hafa grætt í ár tugi þúsunda, þegar miðað er við það verð, sem nú er á lýsi. Þess má og geta í þessu sambandi, að árið 1897 lagði einn Grænlandshvalur sig á 47,000 kr., og komið hefir það fyrir, að hvalir hafa verið yfir 100,000 kr. virði.

Minni hlutanum virðist öll ástæða til þess að geyma þennan höfuðstól — hvalina — landinu. Því varla verður svo á litið, sem landið í heild sinni hafi mikinn ágóða af hvalveiðunum, þótt 2 hreppar landsins, um 500 manns, fái hvalkjöt gefins og útsvar sem nemur 8—900 krónum á ári.

Ein af ástæðunum fyrir því, að hvalurinn var friðaður 1913, var sú, að menn óttuðust, að honum yrði útrýmt við strendur Íslands. Meiri hlutinn ætlar að ekki muni það draga úr fjölguninni, þótt eitt fjelag megi veiða þá með 2 bátum. En á þetta má benda, að nú þegar eru veiddir 40 hvalir, og enn eru margar vikur eftir af veiðitímanum. 2 bátar geta á 3 árum drepit mörg hundruð hvali, geta upprætt hvalinn við landið, og það þykir of mikið í sölurnar lagt, vegna 2 hreppa.

Því svo er heldur ekki, að eina ástæðan fyrir friðun hvala sje sú, að Íslendingar geti síðar meir veitt þá. Háttvirtur meiri hluti hefir látið sjer nægja, að skrifa nokkurra lína nefndarálit um þetta mál. En þessu máli er tekið með meiri alvöru í nágrannalandi voru, Noregi. Aðal-umsjónarmaður fiskiveiða Norðmanna, dr. Hjort, ritaði 1912 bók um hvalveiðar. Hann var yfirleitt á máli hvalveiðamanna, en þó viðurkennir hann, að staðhættir geti verið þannig, að sild hrökkvi fyrir hvölum á land. Minni hlutinn vill benda á það, að á Austfjörðum er landi þannig varið, að djúpir og langir firðir skerast inn í landið, t. d. Reyðarfjörður 70—30 faðma djúpur. Sildin hefir stundum vikum saman legið í dýpinu, þangað til einn eða fleiri hvalir hafa af tilviljun komið inn í fjörðinn. Þá hefir sildin hrokkið upp að landinu og lásar og nætur fylst af sild, en slíkur affi er tugum þúsunda króna virði, og má ekki bera saman við hvalkjöt fyrir nokkra bæi.

Enn má benda á, að fiskifræðingurinn prófessor Sars, rannsakaði hvalafriðunarmálið, árin 1874 og 1879, og skrifaði hann 1879 norsku stjórninni um loðnuveiðina á þá leið, að varhugavert væri að eyðileggja hvalinn, og árið 1888 leggur hann eindregið til að hann sje friðaður.

7. janúar 1904 friðuðu Norðmenn hvali í Norlands, -Tromsö- og Finmarksömtum, og hafa þau friðunarlög verið framlengd.

Minni hlutinn hefir drepit á framangreind atriði, til þess að sýna fram á, hve nágrönnum vorum, Norðmönnum, er ant um hvalafriðunina, og í von um að háttv. deild athugi, að ef frumvarp þetta verður samþykkt, eru í raun og veru hvalafriðunarlögin frá 1913 upphafin. Því 2 hvalveiðabáatar munu að líkindum geta upprætt og flæmt í burtu hvalina í námunda við Ísland. Þeir munu sífellt vera á veiðum, en láta önnur skip draga hvalina inn á heimastöðina.]

Þá vill og nefndin að lokum benda á það, að ekki mun vera unt að neita öðrum hvalveiðamönnum, sem hjer eiga stöðvar, að reka veiðar í næstu 3 ár, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Alþingi 21. ágúst 1915.

G. Eggerz,
framsögum. minni hl.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Þórarinn Benediktsson.